



Borgaráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sementsrannsóknir á húsnæði Vörðuskóla

Á fundi borgarráðs þann 16. desember 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Á fundi skóla- og frístundaráðs með foreldrafélögum Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla sem haldinn var 10. febrúar 2022 kom fram í máli sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að ekki sé enn búið að gera sementsrannsóknir á Vörðuskóla til að fullvissa sig um að hægt sé að bjarga húsnæðinu. Í máli hans kom fram að slíkar rannsóknir hefðu verið gerðar bæði á Kársnesskóla og Fossvogsskóla. Sýnin úr Kársnesskóla sýndu að mygla var komin í sementið og þess vegna var ákveðið að rífa skólann, en mygla var ekki komin í sementið í Fossvogsskóla og þess vegna talið að bjarga eigi húsnæðinu. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um rannsóknir sem sýna að mygla sé komin í sementið. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort það sé góð ráðstöfun á almannafé að fara í viðgerðir á Vörðuskóla þegar ekki liggur fyrir hvort yfir höfuð sé hægt að uppræta myglu og bjarga húsnæðinu?“

Því er til að svara að Innvístarsérfræðingur frá verkfræðistofunni Eflu hefur þegar hafið rannsókn á byggingunni til að meta ástand útveggjar og byggingar í heild sinni (þar á meðal hugsanlega vöxt í steypu/sementi). Niðurstöður þeirra skoðunar eru grundvöllur þess að hægt sé að taka skynsamlega ákvörðun um framtíð húsnæðis Vörðuskóla.

-skoðun hófst 2.mars 2022 og er niðurstöðu að vænta í byrjun apríl mánaðar.

Rúnar Ingi Guðjónsson,
Verkefnastjóri stærri viðhaldsverkefna
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmdir og viðhald